

Föstudaginn 11. október 1974.

Nr. 61/1973: **Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Guðmundi Breiðfjörð Péturssyni
(Tómas Árnason hrl.).

Dómenndur:

**hæstaráttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1973. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Í 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings stéttarfélaga stefnda og áfrýjanda er skýrt ákvæði um fjárhæð kaups í veikindatilfellingum, þegar 2. stýrimaður hefur starfað hjá útgerðarfélagi þrjá mánuði. Þetta ákvæði gildir um þau lögskipti aðilja, sem málið fjallar um, enda girða ákvæði 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 eigi fyrir, að þessu kjarasamningsákvæði verði beitt í málinu.

Áfrýjandi hefur greitt stefnda kr. 65.840.00. Ekki er vefengt, að þessi fjárhæð samsvari kaupi í þrjá mánuði samkvæmt 8. gr. kjarasamningsins. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að verulegur dráttur hefur orðið á málinu fyrir héraðsdómi.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Breiðfjörðs Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 16. febrúar 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. febrúar 1973, hefur Guðmundur Breiðfjörð Pétursson stýrimaður, Stangarholti 32, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 28. september 1970, gegn Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness h/f til greiðslu kaups að upphæð kr. 119.910.00 með 7% ársvöxtum frá 22. júlí 1970 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 54.070.00, en hélt að öðru leyti við gerðar dómkröfur.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi, sem var 2. stýrimaður á b/v Víkingi, AK 100, eign stefnda, veiktist 17. apríl 1970 og var frá vinnu af þeim sökum í rétta þrjá mánuði, eða til 18. júlí sama ár, að hann byrjaði vinnu aftur á skipinu.

Telur stefnandi, að sér beri kaup samkvæmt 18. gr. sjómanna-laga, eða í tvo mánuði, úr hendi stefnda og eigi það að miðast við aflahlut þeirra manna, sem gegndu starfinu í veikindaforföllum hans.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar málavaxtalýsingu í stefnu, og kvað hann þar vera rétt frá greint, en þó með þeirri athugasemd, að hann hafi veikt, á meðan skipið hafi verið úti á sjó, og farið til lækis, þegar komið hafi verið í höfn þann 17. apríl, og hafi lækjirinn ráðlagt sér að fara til sérfræðings í hjartarannsókn, en áður en til þess kæmi, kvaðst stefnandi hafa fengið hjartakast og verið lagður inn á spítala þann 19. apríl. Kvaðst hann hafa legið á spítalanum réttan mánuð. Síðan kvaðst stefnandi hafa verið heima hjá sér, en verið bannað að vinna og hafi hann verið frá vinnu af þessum sökum í rétta þrjá mánuði, en þá kvaðst hann hafa farið á skipið aftur. Stefnandi staðfesti, að hann hafi verið 2. stýrimaður á Víkingi, AK 100, áður en hann veiktist. Stefnandi kvað það hafa verið samkvæmt lækisráði, að hann fór ekki út aftur með skipinu, fyrr en að liðnum þremur mánuðum frá því, að hann veiktist.

Í bréfi stefnda, Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness h/f, á dskj. nr. 10 komu meðal annars fram þær upplýsingar, að veikindakaup stefnanda hafi frá 18. apríl til 18. júlí 1970 verið samtals kr. 65.840.00. Enn fremur að stefnandi hafi verið í þjón-

ustu stefnda, frá því er skipið (b/v Víkingur) var keyptur til landsins í október 1960, með eðlilegum frávikum og loks að ekki sé ástæða, að áliti stefnda, að vefengja veikindi stefnanda.

Er stefnandi kom fyrir dóm í málinu, staðfesti hann, að rétt væri frá greint í framangreindu dómsskjali nr. 10 um veikinda-kaup það, sem hann hefði fengið greitt hjá stefnda, svo og hversu lengi hann hefði verið í þjónustu hans.

Í málinu liggur fyrir uppgjör við þá menn, sem gegndu starfi stefnanda á tímabilinu frá 18. apríl 1970 til 22. júní sama ár, og nema greiðslur til þeirra á umræddu tímabili samtals kr. 119.910.00, eða stefnufjárhæðinni, þ. e. aflahlutur, kaup, orlof og aðrar greiðslur.

Krafa stefnanda er reist á þágildandi kjarasamningi aðilja og 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, en samkvæmt þeirri grein á stýrimaður rétt til kaups í tvo mánuði, ef hann verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur. Samkvæmt því, sem fram kemur í stefnu, byggir stefnandi á því, að orðið kaup eigi við aflahlut, þegar á þann veg er samið, eins og um er að ræða í því tilviki, sem hér um ræðir.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi þegar fengið greitt allt það veikindakaup, er hann átti rétt til úr hendi stefnda vegna þeirra veikinda, er dómsskjal nr. 4 greinir, sem hann ekki mótmælir. Stefndi vefengir ekki rétt stefnanda til kaups samkvæmt 18. gr. sjómannalaga, en þar sé samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar stýrimanni áskilinn réttur til tveggja mánaða kaups í veikindatilfellum. Hins vegar séu bein ákvæði í kjarasamningi milli aðilja, dags. 20. júní 1969, þar sem í 8. gr. þessa samnings segi: „Eftir að skip hefur legið tvo sólarhringa í innlendri eða erlendri höfn, og 2. stýrimaður vinnur við skipið, skulu laun hans vera kr. 568.70 á dag hvern, sem skipið liggur í höfn miðað við 8 stunda vinnu hvern virkan dag að meðaltali, að viðbættum fæðispeningum.“ Í 11. gr. sama kjarasamnings segi, að veikist eða slasist 2. stýrimaður, skuli útgerðarfélag greiða honum laun samkvæmt 8. gr. þess samnings þann tíma, sem hann er frá starfi. Stefndi hafi verið greitt kaup í samræmi við þessi ákvæði kjarasamningsins og því eigi hann ekki frekari kröfur á hendur stefnda. Þar að auki sé krafa stefnanda, miðað við aflahlut, eigi í samræmi við veikindatímabil hans.

Stefnandi var ráðinn á skipið upp á aflahlut, og ber því að miða kaup hans við það. Á tímabili því, sem hann var óvinnufær vegna

veikinda sinna, nam aflahlutur 2. stýrimanns kr. 111. 546.00 í þá tvo mánuði, sem hann á rétt til veikindakaups samkvæmt sjómannalögum og krafa hans er á byggð. Upp í þá fjárhæð hefur hann þegar fengið greiddar frá stefnda kr. 65.840.00, mismuninn, kr. 45.706.00, þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda ásamt vöxtum, eins og krafist er í stefnu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Emil Ágústssyni borgardómara og Kristjáni Aðalsteinssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Breiðfjörð Péturssyni, kr. 45.706.00 með 7% ársvöxtum frá 22. júlí 1970 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
